



# Minnisblað

Móttakandi: Vinnuhópur um  
heimsmarkmiðin

Dags.: 3. desember 2020

Sendandi: Anna G. Björnsdóttir

Málsnr.: 2009224SA  
Málalykill: 11.03

**Efni: Minnisblað um fund í vinnuhópi um heimsmarkmiðin 25.11.20**

## Í fundinum tóku þátt:

Eva Björk Harðardóttir frá Skafárhreppi, Freyr Ævarsson frá Múlaþingi og Theódóra Þorsteinsdóttir frá Kópavogsbæ fulltrúar í vinnuhópnum.

Enn fremur Karen Björk Eypórsdóttir, Halldóra Káradóttir og Auður Gréta Óskarsdóttir frá Reykjavíkurborg.

Frá sambandinu tóku þátt, auk AGB: Eygerður Margrétardóttir, Guðjón Bragason, Óttar Freyr Gíslason og Sigurður Snævarr,

## 1. Innleiðingarstarf Reykjavíkurborgar og staðall um sjálfbærar borgir.

Reykjavíkurborg hefur valið að nálgast heimsmarkmiðin í gegnum innleiðingu á staðli „World Council City Data“ fyrir sjálfbærar borgir, ISO 37120, sem Kópavogsbær hefur einnig innleitt.

Patricia McCarney forseti og framkvæmdastjóri WCCD kynnti staðallinn og innleiðingarmöguleika fyrir lítil og stór sveitarfélög, sem og í gegnum samstarf sveitarfélaga um innleiðingu, sbr. kanadíska fyrirmynd. Yfir 100 sveitarfélög í 35 löndum hafa innleitt staðalinn. sjá nánar p.p.kynningu. WCCD vinnur einnig að innleiðingu á tveimur öðrum stöðlum, þ.e. annars vegar fyrir snjallborgir, ISO37122 og hins vegar fyrir „resilient“ cities, ISO 37123.

Fulltrúar borgarinnar kynntu stöðu innleiðingar hjá borginni sem felur m.a. í sér að skanna hvaða mælikvarðar eru fyrir hendi og að hvaða leyti mælikvarða vantar.

Fram kom að Kópavogsbær gat unnið 34 mælikvarða beint upp úr gögnum Hagstofunnar og borgin telur að það gæti verið nærri lagi hjá sér auk þess sem borgin lét sérvinna 11 mælikvarða hjá Hagstofunni. Því má ætla að borgin gæti verið að vinna með um 45 mælikvarða frá Hagstofunni í heildina. Einnig kom fram að fjöldi mælikvarða í vottununum eru í heildina yfir 100 en það eru fáir sem fara í að mæla þá alla eins og Kópavogsbær gerði. Til að ná vottun þá nægja 30 mælikvarðar. Einnig kom fram að árlegur kostnaður sem greiddur er til WCCD er um 1 m. ISK en fordæmi eru fyrir því að sá kostnaður geti verið minni ef fleiri sveitarfélög á sama svæði vinna saman að vottun. Áréttað Kópavogsbær taldi ISO37120 ekki fullnægjandi fyrir innleiðingu á heimsmarkmiðunum. Sérstaklega ekki hvað varðar félagslega mælikvarða. Reykjavíkurborg var boðið að taka þátt í vinnuhópnum.

**2. Vinna sambandsins að skilgreiningu forgangsmarkmiða og mælikvarða fyrir sveitarfélög.**

AGB og ÓFG kynntu þá vinnu sem hefur átt sér stað hjá sambandinu frá tengiliðafundi í mars við að greina hugsanleg forgangsmarkmið og mælikvarða fyrir sveitarfélög út frá flæmskum, þýskum og sænskum fyrirmyndum.

**3. Samstarfsvettvangur á milli ríkis og sveitarfélaga um heimsmarkmiðin.**

AGB kynnti að forsætisráðuneytið hafi ákveðið að stofna formlegan samstarfsvettvang á milli ríkis og sveitarfélaga um heimsmarkmiðin. Þetta er gert í samræmi við ábendingu OECD í tengslum við þátttöku Kópavogsbæjar í OECD verkefni um innleiðingu heimsmarkmiðanna á sveitarstjórnarstigi. Sambandið hefur tilnefnt AGB og Auði Finnbogadóttur hjá Kópavogsbæ sem fulltrúa sambandsins í vettvanginum. Vonir eru bundnar við að hægt sé að setja HM-mælikvarða fyrir sveitarfélög á dagskrá vettvangsins strax eftir að gengið hefur verið frá skipun hans.

**4. Veffundaröð norrænu Byggðastofnunarinnar, Nordregio, um heimsmarkmiðin í norrænum sveitarfélögum.**

AGB kynnti og að einn fundurinn muni fjalla sérstaklega um mælikvarða. Upplýsingar um fundina hafa verið sendar öllum tengiliðum.

**5. Verkfærakista fyrir sveitarfélög um heimsmarkmiðin.**

AGB kynnti að fyrirhugað sé að nýta afgangsfjárveitingu verkefnisstjórnar forsætisráðuneytisins til að gefa út handbækur um innleiðingu heimsmarkmiðinna fyrir annars vegar sveitarfélög og hins vegar fyrir fyrirtæki. Væntanlega verður skoðað að kynna fyrirmýndarverkefni íslenskra sveitarfélaga. Þar beinast böndin að Skaftárhreppi, Fljótsdalshéraði/Múlapingi, Hornafirði og Mosfellsbæ, auk Kópavogsbæjar og Reykavíkurborgar.

**6. Næsti tengiliðafundur vorið 2021**

AGB kynnti að stefnt sé að tengiliðafundi um heimsmarkmiðin næsta vor en síðasti tengiliðafundur var um loftslagsmál í haust.

**7. Önnur mál.**

TP kynnti samráðsfund sveitarfélaga og fyrirtækja um innleiðingu heimsmarkmiðanna á Suðurnesjum sem haldinn var 12. nóvember sl.

AGB